

AUGLÝSING

um gjöld og gjaldskyldutíma á bílastæðum í Reykjavíkurborg.

Borgarráð hefur ákveðið eftirfarandi með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 10. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar setti í febrúar 1988, og birtar voru í Lögbirtingablaði.

Gjöld og gjaldskyldutími á gjaldskyldum bílastæðum verði eftirfarandi:

1. 225 krónur á gjaldsvæði 1.
2. 120 krónur á gjaldsvæði 2.
3. 80 krónur á klst. fyrir fyrstu 2 klst. og 20 kr. á klst. eftir það á gjaldsvæði 3.
4. 120 krónur á gjaldsvæði 4
5. Gjaldskylda verði klukkan 10-18 mánudaga til föstudaga, en klukkan 10-16 á laugardögum. Ákvarðanirnar taka þegar gildi.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 19. júní 2012.

Jón Gnarr.

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2012